



USK24010019

Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2024, fimmtudaginn 27. júní kl. 09.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 21. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sat: Bjarni Rúnar Ingvarsson.

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Ránargata – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Ránargötu 35 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt.

2. Tillaga um bann við lagningu ökutækja við Freyjutorg í Úlfarsárdal

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum á svæði sem afmarkast af Freyjutorgi, á mótum Freyjubrunns, Gefjunarbrunnis og Sifjarbrunnis.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt.

3. Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Arkarvogi

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:



- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í norðurkanti Arkarvogs

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra

Samþykkt.

4. Guðrúnartún – stæði merkt fyrir lögreglu og sjúkrabíla

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bifreiðastæði við Guðrúnartún verði merkt sem stæði fyrir lögreglu og sjúkrabíla

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 09.12
Bjarni Rúnar Ingvarsson



Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 20. júní 2024
USK24010001

TILLAGA

Ránargata – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Ránargötu 35 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á fundi nefndar sem fjallar um umsóknir um sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, dags. 19 júní.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Natan Freyr Guðmundsson
sérfræðingur
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins merktu inn á



Reykjavík



Yfirlitsmynd með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins merktu inn á



Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 24. júní 2024
USK24010001

TILLAGA

Tillaga um bann við lagningu ökutækja við Freyjutorg í Úlfarsárdal

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum á svæði sem afmarkast af Freyjutorgi, á mótum Freyjubrunns, Gefjunarbrunnns og Sifjarbrunnns.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Myndast hefur hefð fyrir því að leggja á ökutækjum við kant aðgreindrar akbrautar á Freyjubrunni, við Freyjutorg. Svæðið sem um ræðir nær yfir gatnamót Freyjubrunns að bæði Sifjarbrunni og Gefjunarbrunni. Ökutæki, sem lagt er á torginu, þrengja að akstri stærri ökutækja eins og sorphirðu og viðbragðsaðila, og gerir akstur um gatnamótin erfiðari. Þá gerir lagning ökutækja á torginu það að verkum að gangandi og hjólandi vegfarendur eiga erfiðara með að þvera götuna, og eru útsettari fyrir meiri hættu við þverun götunnar. Ekki var gert ráð fyrir bílastæðum á þessum stað þegar svæðið var hannað.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Natan Freyr Guðmundsson
sérfræðingur
skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd með fyrirhuguðum umferðarskiltum



Yfirlitsmynd með fyrirhuguðum umferðarskiltum



Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 26. júní 2024
USK24010001

TILLAGA

Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Arkarvogi

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í norðurkanti Arkarvogs

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra

Greinargerð:

Arkarvogur er mjó tvístefnugata með útskotum fyrir bílastæðum í suðurkanti. Borið hefur á því að ökutækjum sé lagt í norðurkanti götunnar sem þrengir að götunni og getur takmarkað aðgengi neyðarbíla og sorphirðu.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Natan Freyr Guðmundsson
sérfræðingur
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðu umferðarmerki



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðu umferðarmerki



Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 26. júní 2024
USK24010001

TILLAGA

Tillaga – Guðrúnartún – stæði merkt fyrir lögreglu og sjúkrabíla

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bifreiðastæði við Guðrúnartún verði merkt sem stæði fyrir lögreglu og sjúkrabíla

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Rauði krossinn stefnir að því að opna neyslurými á lóð í Borgartúni með aðkomu frá Guðrúnartúni. Nauðsynlegt er að lögregla, sjúkrabílar og aðrir viðbragðsaðilar hafi greiða aðkomu að rýminu og því er þörf á að sérmerkja stæði við Guðrúnartún fyrir lögreglu og sjúkrabíla.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Natan Freyr Guðmundsson
sérfræðingur
skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu og umferðarmerkjum



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu og umferðarmerkjum